

mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 28. júní 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

9. mgr. 18. gr. orðast svo: Próftökugjald kr. 6.000 er innheimt vegna sjúkra- og endurtökuprófa í janúar og maí/júní. Eftir þriðju tilraun ber stúdent að greiða hálfkrásetningargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, fyrir hverja próftilraun. Greiðsla fer fram við skráningu í próf.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 27. maí 2005.*

**Þorsteinn Gunnarsson** rektor.

*Hermann Óskarsson,  
ritari háskólaráðs.*

## REGLUR

### um breytingu á prófareglum fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

5. gr., d-liður, orðast svo: Próftökugjald kr. 6.000 er innheimt vegna sjúkra- og endurtökuprófa í janúar og maí/júní. Eftir þriðju tilraun ber stúdent að greiða hálfkrásetningargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, fyrir hverja próftilraun. Greiðsla fer fram við skráningu í próf.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 27. maí 2005.*

**Þorsteinn Gunnarsson** rektor.

*Hermann Óskarsson,  
ritari háskólaráðs.*